



ÁRSFUNDUR 2023

3. MAÍ

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings
3. Tryggingafræðileg staða
4. Fjárfestingarstefna
5. Hluthafastefna/eigendastefna
6. Starfskjarastefna
7. Laun stjórnarmanna og nefnda
8. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1
9. Kjör endurskoðanda
10. Breytingar á samþykktum sjóðsins sem tóku gildi 1. janúar 2023
11. Önnur mál





1. SKÝRSLA STJÓRNAR



2. KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS



ÁRS- OG SJÁLFBÆRNI-SKÝRSLA 2022

- *Um sjóðinn*
- *Efnahagur*
- *Umhverfið*
- *Félagslegir þættir*
- *Stjórnarhættir*
- *GRI*
- *Heimsmarkmiðin*

[Sækja ársreikning](#)



Áherslur í upplýsingum um sjálfbærni

- Ársskýrsla Birtu er nú gefin út í fjórða sinn samkvæmt GRI, alþjóðlegum grunnstöðlum um skýrslugjöf.
- Með því að birta ársskýrslu samkvæmt þeim viðmiðum er sjóðurinn að gefa dýpri mynd af starfseminni og áhrifum hans á samfélagið. Í GRI efnisyfirliti má sjá helstu markmið og mælikvarða flokkuð með tilvísun í GRI mælikvarða.
- Á næstu misserum mun verða umfangsmikið verkefni að innleiða nýtt ESB regluverk og tilskipanir í tengslum við sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (e. CSRD), innleiðingu vegna reglugeða um flokkunarkerfi fyrir sjálfbæran rekstur (e. EU Taxonomy) og innleiðingu reglugerða um upplýsingagjöf um sjálfbærni í fjármálaþjónustu (e. SFRD).



Lykiltölur 2022



21,5

MILLJARÐAR
í iðgjöld



17

MILLJARÐAR
í lífeyrisgreiðslur



-9,9%

HREIN
raunávöxtun



20.385

VIRKIR
sjóðfélagar



567

MILLJARÐAR
hrein eign




-6,38%

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA
sjóðsins



Árangursmat



Samkvæmt lögum um ársreikninga skal stjórn veita glögggt yfirlit yfir árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og þróun ásamt lýsingu á megináhættu og óvissupáttum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir.

Árangursmat Birtu er bæði eigindlegt og megindlegt, sett fram til að hvetja til umræðu um árangur sjóðsins á milli ára og að leitast við að upplýsa sjóðfélaga eins og frekast er kostur.



4,2

Nýliðun og ánægja
sjóðfélaga

- Í árslok 2022 áttu 101.178 manns réttindi í samtryggingardeild Birtu lífeyrissjóðs og fjölgaði um 1.448 á milli ára
- Virkum greiðendum fjölgar um 1,7% á milli ára eða um 270 og töldust vera 16.462 í samtryggingu og 2.433 í séreignardeild
- Þá fjölgaði greiðandi sjóðfélögum um 556 eða um 3% og töldust 18.748 á síðasta ári
- Alls greiddu 6.449 launagreiðendur iðgjöld og námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 19.836 milljónum króna að meðtöldum réttindaflutningi og endurgreiðslum



Ávöxtun samtryggingardeildar 2022

Hrein nafnávöxtun



Hrein raunávöxtun



- Til þess að eignir standi undir skuldbindingum þarf hrein raunávöxtun til lengri tíma að vera hærri en 3,5%.
- Árangur af fjárfestingarstarfsemi Birtu er birtur í ársreikningi sem raunávöxtun síðasta árs og sem meðaltal hreinnar raunávöxtunar fyrir 5 og 10 ár.
- Við mat á frammistöðu er horft til langtíma markmiðs, þeirra viðmiðunarvísitalna sem birtar eru í fjárfestingarstefnu á hverju ári að teknu tilliti til áhættu og samanburðar við þá lífeyrissjóði sem nýta sama fjárfestingarmengi.

19. FIMM ÁRA YFIRLIT SAMTRYGGINGARDEILDAR

Ávöxtun

Hrein raunávöxtun*

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár*

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ár*

	2022	2021	2020	2019	2018
Hrein raunávöxtun*	(9,90%)	10,11%	8,89%	11,21%	1,74%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár*	4,10%	7,38%	5,01%	4,93%	4,09%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ár*	4,48%	6,33%	5,53%	4,74%	3,30%



Fjölgun lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur


- Lífeyrisþegar voru 16.638 í árslok 2022 og þeim fjölgaði á árinu um 4,7%.
- Á árinu 2022 hófu 1.596 sjóðfélagar töku eftirlaunalífeyris en 1.244 árið 2021.
- Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu 16.182 milljónum króna árið 2022, sem er 15% aukning frá fyrra ári.
- Lífeyrisgreiðslur fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Vísitalan hækkaði um 9,34% á árinu 2022.
- Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, var 81,47% á árinu 2022 en 76,26% árið áður.
- Meðalaldur við upphaf töku eftirlaunalífeyris sl. 5 ára er 66 ár.



Greiðsla fjölskyldubóta árið 2022

- Fjölskyldubætur eru greiddar einu sinni við fráfall sjóðfélaga yngri en 67 ára og hafa þann tilgang að létta undir með nánustu aðstandendum þegar ungir sjóðfélagar falla skyndilega frá. Fjölskyldubætur skiptast í maka- og barnagreiðslur.
- Á árinu 2022 voru greiddar út 48,6 milljónir króna í fjölskyldubætur vegna fráfalls 14 sjóðfélaga.
- Greitt var til 10 maka samtals 44,8 milljónir króna.
- Barnagreiðslur voru greiddar til 15 barna eða samtals 3,8 milljónir króna.

Breyting á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar



Árangursmat stjórnar


Stjórn Birtu metur störf sín með reglubundnum hætti

- Stjórn hefur um nokkurra ára skeið undirgengist árlegt sjálfs- og árangursmat, sem síðan er kynnt og rætt á fundi stjórnar. Valnefndir sjóðsins, sem í sitja fulltrúar úr baklandi, hafa sömuleiðis haft aðgang að matinu
- Stjórn fundar einu sinni á ári án stjórnenda sjóðsins þar sem störf framkvæmdastjóra og frammistaða eru rædd sérstaklega
- Í ársskýrslu þessa árs hafa stjórnarhættir verið aðgreindir betur í skýrslunni sem sérstakur undirkaflir þar sem fjallað er um:
 - Stjórnarhætti
 - Stjórnháttaryfirlýsingu
 - Hagsmunagæslu

Haghafar og verklag við hagsmunagæslu

Áherslur Birtu gagnvart einstökum haghöfum eru að framfylgja stefnu stjórnar með gildi Birtu að leiðarljósi til þess að ná settum markmiðum sjóðsins

- Stjórn og starfsfólk Birtu horfir fyrst og fremst til hagsmuna sjóðfélaga, þeirra sem greiða til sjóðsins og eiga réttindi í honum.
- Sjóðurinn gætir hagsmuna sinna með samráði við skilgreinda hagaðila, þá sem eiga hagsmuna að gæta gagnvart sjóðnum að mati Birtu.
- Fimm hópar eru skilgreindir sem mikilvægir haghafar Birtu sem lýst er nánar í ársskýrslu.




Starfsfólk

Markmið Birtu er að ráða, efla og halda hæfu og traustu starfsfólki sem býr yfir yfirburða þekkingu og reynslu og vinnur saman að því að leita ávallt bestu lausna fyrir sjóðfélaga.

- Starfsmannavelta 7,4%
- Samstilltur hópur starfsfólks sem vill gera vel og við vinnum í því að efla starfsandann. Ánægðir starfsmenn veita góða þjónustu
- Birta Lífeyrissjóður tekur þátt í árlegri könnun VR, Fyrirtæki ársins. Öllu starfsfólki er boðin þátttaka óháð stéttarfélagsaðild og hafa allir starfsmenn þegið að taka þátt. Í könnuninni eru ýmsir þættir mældir sem hafa áhrif á líðan starfsfólks á vinnustað og höfum við staðið okkur vel en setjum okkur markmið um að gera enn betur á komandi árum

Starfsandi



Sjóðurinn dregur úr kostnaði

Markvisst er dregið úr kostnaði þar sem hægt er til að hagræða í rekstri og áhersla lögð á kostnaðarárvekni alls starfsfólks.

- Heildar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður Birtu lífeyrissjóðs nam 854 milljónum króna á árinu 2022 og hækkar um 16 milljónir króna eða 1,9%. Rekstrarkostnaður sjóðsins lækkaði á föstu verðlagi um 6,77% á milli ára.
- Rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar var 0,14% á árinu 2022 og lækkar fimmta árið í röð.
- Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum var 3,94% á árinu 2022 en 4,17% árið áður.
- Frá stofnun Birtu lífeyrissjóðs í lok árs 2016 hefur vegið kostnaðarviðmið Birtu (65% LV HÍ og 35% NEY) hækkað um 44% en kostnaður Birtu hækkað um 24% á sama tíma. Það jafngildir 3,3% árlegu hagræði á sama tíma og þjónustan hefur bæði verið bætt og aukin.
- Í skýringu 7 í ársreikningi má sjá sundurliðun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sjóðsins



Samstarf og samvinna

Stefna Birtu lífeyrissjóðs varðandi samfélagsábyrgð tekur m.a. til viðskiptasiðferðis, umhverfismála, vinnuverndar og mannréttinda.

- Sjóðurinn vill stuðla að jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi
- Virk Starfsendurhæfingarsjóður er gott dæmi því til stuðnings
- Þá hefur sjóðurinn uppfyllt öll skilyrði um persónuvernd
- Við látum okkur neytendavernd varða
- Siðferðileg viðmið í viðskiptum eiga að vera til umræðu á hverjum tíma og mikilvægt er að samtalið fari fram



Skattspor Birtu lífeyrissjóðs er 3,8 milljarðar

Skattur er mikilvægt framlag til samfélagsins og þjóðarbúsins almennt



Heimsmarkmiðin

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Markmið 3

Heilsa og vellíðan

Að tryggja góða heilsu og vellíðan allra aldurshópa.

Birta hefur um árabil átt samstarf við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Hlutverk VIRK er að endurhæfa fólk eftir slys eða veikindi og gera því fært um að fara á ný út á vinnumarkaðinn. Lögbundið framlag sjóðsins til starfsendurhæfingarsjóðs nam 130 milljónum króna árið 2022.

Birta lífeyrissjóður styrkir starfsfólk sitt til hreyfingar og líkamsræktar, leggur áherslu á hollan mat og góða aðstöðu í mötuneyti, fær fyrirlesara til að fjalla um heilsufarsmál í


víðum skilningi, leitar ráða sérfræðinga um fyrirkomulag á vinnustaðnum til að stuðla að réttri líkamsbeitingu og vellíðan yfirleitt í vinnunni. Þá býðst starfsfólki sjóðsins heilsufarsmæling árlega.

Össur er dæmi um fjárfestingu í eignasafni lífeyrissjóðsins sem fellur beint undir þetta markmið. Stefnumið félagsins er að bæta hreyfanleika fólks með tækni, rannsóknum og nýsköpum sem gerir viðskiptavinum þess kleift að yfirstíga líkamlegar hindranir og öðlast betra líf.



Ársreikningur Birtu lífeyrissjóðs 2022

- Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð nr. 335/2015
- Ársreikningur er áritaður af endurskoðanda án fyrirvara
- Endurskoðunarnefnd hefur fjallað ítarlega um reikninginn sem og stjórn
- Innri endurskoðandi hefur skilað stjórn skýrslu fyrir síðasta starfsár
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur verið í reglulegum samskiptum við sjóðinn
- Samþætt reikningsskil sjóðsins samanstanda af ársreikningi, ársskýrslu og upplýsingum á heimasíðu sjóðsins



Áhættumiðaður
rekstur og hlítung

4,6



3. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg staða sjóðsins 2022

Eignaliðir	Eignir	Iðgjöld	Heild
Bókfærð eign	545,3		545,3
Endurmat	-2,5		-2,5
Núvirði iðgjalda		282,3	282,3
Samtals eignir	542,7	282,3	825,0
Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Heild
Ellilífeyrir	530,7	237,5	768,2
Örorkulífeyrir	31,6	19,5	51,1
Maka,barna og fjölsk.lífeyrir	30,8	10,9	41,7
Rekstrarkostnaður	10,5	9,7	20,2
Samtals skuldbindingar	603,5	277,7	881,2
Eignir umfr. skuldbindingar	-60,8	4,6	-56,2
Hlutfall	-10,1%	1,7%	-6,4%
Fyrri ár	0,8%	-8,9%	-2,5%



Breyting skuldbindinga frá fyrra ári

	2022	2021
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	520,0	438,4
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	70,0	37,5
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	19,8	17,3
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-16,2	-14,1
Hækkun vegna nýs reiknigrundvallar	0,0	41,1
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	-0,6	-0,2
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	593,0	520,0

Niðurstöður

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er **-6,38%**

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2022 sýnir að heildarskuldbindingar sjóðsins voru 6,38% umfram heildareignir en voru 2,5% umfram heildareignir í árslok 2021. Allar forsendur útreikninga eru óbreyttar frá fyrra ári en réttindaöflun breytist frá áramótum.

Ávöxtun eigna sjóðsins náði ekki hækkun skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.





4. FJÁRFESTINGARSTEFNA

EFNISTÖK



- **Ávöxtun og skipting eignasafns**
Samtrygging, séreign og tilgreind séreign
- **Fjárfestingarstefna**
Samtrygging, séreign og tilgreind séreign
- **Ábyrgar fjárfestingar**
Leiðin að kolefnishlutleysi

ÁRS- OG SJÁLFBÆRNI- SKÝRSLA 2022



ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

- SAMTRYGGINGARDEILD – HREIN EIGN OG ÁVÖXTUN 2022



Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign frá fyrra ári

Hrein sameign sjóðfélaga til greiðslu lífeyris í árslok

	2022	2021
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	(4.485.118)	77.665.531
Hrein eign frá fyrra ári	549.755.106	472.089.575
Hrein sameign sjóðfélaga til greiðslu lífeyris í árslok	545.269.988	549.755.106



ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS


- SAMTRYGGINGARDEILD – ÁVÖXTUN HELSTU EIGNAFLOKKA

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	5,6%	-3,5%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	8,3%	-0,9%
Skuldabréf lánastofnana	7,4%	-1,8%
Skuldabréf fyrirtækja	9,6%	0,2%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10,4%	0,3%
Innlend hlutabréf	-14,8%	-22,1%
Erlend hlutabréf	-11,9%	-19,4%
Sérhæfðar fjárfestingar	16,2%	6,3%



ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

- SAMTRYGGINGARDEILD – FRAMLAG EIGNAFLOKKA TIL ÁVÖXTUNAR



Framlag ávöxtunar í millj. kr.

Verðmæti eignaflokks í árslok 2022 í millj. kr.

ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

- SAMTRYGGINGARDEILD – SAMANBURÐUR EIGNAFLOKKA 2022-21

		Í árslok 2022		Í árslok 2021
	Hlutfallsleg skipting	Í milljónum kr.	Hlutfallsleg skipting	Í milljónum kr.
Innlán	1,3%	7.055	2,5%	13.578
Ríkisskuldabréf	16,6%	96.033	15,7%	86.145
Skuldabréf sveitarfélaga	4,2%	17.075	3,1%	17.202
Skuldabréf lánastofnana	1,6%	8.680	1,4%	7.851
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	16,2%	87.849	17,1%	93.482
Skuldabréf fyrirtækja	6,3%	34.178	5,8%	31.619
Innlend hlutabréf	14,5%	78.733	16,6%	85.344
Erlend hlutabréf	28,1%	152.336	30,1%	170.627
Sérhæfðar fjárfestingar	11,2%	60.881	7,6%	41.516
Þar af erlendar eignir	36,8%	199.642	36,8%	201.430



FJÁRFESTINGARSTEFNA

- MARKMIÐSSETNING FYRIR ÁRIÐ 2023




	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk	Hlutfallsleg skipting	Í árslok 2022 Í milljónum kr.
Innlán	1,0%	4,0%	0,0%	1,3%	7.055
Ríkisskuldabréf	15,0%	17,0%	13,0%	16,6%	96.033
Skuldabréf sveitafélaga	4,0%	5,5%	1,5%	4,2%	17.075
Skuldabréf lánastofnana	1,5%	3,5%	0,5%	1,6%	8.680
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	17,0%	21,0%	15,0%	16,2%	87.849
Skuldabréf fyrirtækja	7,0%	10,0%	4,0%	6,3%	34.178
Innlend hlutabréf	16,0%	17,0%	10,0%	14,5%	78.733
Erlend hlutabréf	29,0%	34,0%	28,0%	28,1%	152.336
Sérhæfðar fjárfestingar	9,5%	12,0%	6,0%	11,2%	60.881
Samtals	100,0%				
Þar af eignir í erlendum gjaldmiðli	37,5%	50,0%	30,0%	36,8%	199.642




ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

- SÉREIGNARDEILD OG TILGREIND SÉREIGN



ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

- SÉREIGNARDEILD OG TILGREIND SÉREIGN – 5 OG 10 ÁRA MEÐALTAL



Meðaltal ávöxtunar áranna 2018-2021 er það sama í öllum tilvikum í Tilgreindri séreign þar sem einungis ein sparnaðarleið var í boði, 8,58% nafnávöxtun og 6,41% raunávöxtun


5 ára meðaltal miðast við hvaða sparnaðarleið var valin í ársbyrjun 2022




ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

- FJÁRFESTINGARSTEFNA – SÉREIGN OG TILGREIND SÉREIGN


Blönduð leið



Skuldabréfaleið



Innlánsleið



ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

- LEIÐIN AÐ KOLEFNISHLUTLEYSI



Markmið fyrir júní 2023

- ✓ Varða betur umfang 3
- ✓ Rýna tækniforskrift um kolefnishlutleysi
- ✓ Stefna um ábyrgar fjárfestingar uppfærð
- ✓ Skilyrði SFDR rýnd
- ✓ Innleiðing Klappa kerfis
- ✓ Árs- og samfélagsskýrsla 2022



Markmið fyrir árslok 2023

- ✓ Skilyrði CSRD uppfyllt
- ✓ UFS markmið reksturs
- ✓ Innri fræðsla
- ✓ Innleiðing SFDR
- ✓ Vottunarferli kolefnisverkefnis
- ✓ Innleiða UFS í fjárfestingarákvarðanir
- ✓ Mat á eignasafni m.v. UFS
- ✓ Markmið vegna CIC fjárfestinga
- ✓ Innleiðing CSDR
- ✓ Tvöföld mikilvægisgreining



Markmið fyrir árslok 2024

- ✓ Vottun á kolefnisverkefni
- ✓ Stefnur samræmdar við CSRD
- ✓ Áhættumat fjárfestinga sbr. SFDR
- ✓ Aukið vægi CIC fjárfestinga
- ✓ SFDR uppfyllt
- ✓ CSRD uppfyllt
- ✓ Grunnur að kolefnishlutleysi ákvarðaður




5. HLUTHAFASTEUFNA/EIGENDASTEUFNA

Framkvæmd eigendastefnu

Yfirlit yfir atkvæðagreiðslur og tillögur Birtu á aðalfundum skráðra hlutafélaga

Sjóðurinn sækir hluthafafundi þeirra markaðsskráðu félaga sem hann á eignarhlut í og birtir upplýsingar um vægi eignarhlutar og ráðstöfun atkvæðisréttar í þessum félögum á heimasíðu sjóðsins á hverju ári. Hér má upplýsingar um eigendasstefnu sjóðsins.




BIRTA LÍFEYRIR SÉREIGN LÁN Um Birtu Eyðublöð

Sjóðurinn Samþykktir Lög, reglur og stefnuskiöl Fréttir Útgefið efni Árstundir

Eigendastefna

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs hefur sett sér eigendastefnu. Er stefnunni ætlað að vera til leiðbeiningar um þær kröfur sem sjóðurinn gerir til góðra stjórnarháttar og umhverfislega- og félagslegra þátta í þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma.

 Eigendastefna Birtu lífeyrissjóðs (150,2 KB) →

Framkvæmd eigendastefnu
Yfirlit yfir atkvæðagreiðslur og tillögur Birtu á aðalfundum skráðra hlutafélaga

- + Origo
- + Marel
- + Icelandair
- + Reitir
- + Össur





6. STARFSKJARASTEFNA



7. LAUN STJÓRNARMANNA OG NEFNDA

Tillaga launanevndar Birtu lífeyrissjóðs

Er það tillaga nefndarinnar að laun stjórnarmanna skuli fylgja 95% hækkun launavísitölu **Hagstofu Íslands miðað við tímabilið frá febrúar 2022 til og með febrúar 2023**. Hækkun launavísitölnnar er 8,4% á umræddu tímabili og þegar búið er að færa hækkunina niður í 95% þá er árshækkunin 7,98%. Upphæðir eru síðan námundaðar að næsta heila eða hálf þúsundi.

Laun formanns eru tvöföld laun aðalmanns. Laun varaformanns eru ein og hálf laun aðalmanns.

- Aðalmenn stjórnar: **141.000 kr.** (áður 130.500 kr.)
- Formaður stjórnar: **282.000 kr.** (áður 261.000 kr.)
- Varaformaður stjórnar: **211.500 kr.** (áður 195.750 kr.)
- Varamenn stjórnar: **31.500 kr.** (mánaðarleg greiðsla en full laun aðalmanns þann mánuð sem setinn er fundur) (áður 29.000 kr.)

Launanevnd leggur til að þessi tillaga verði lögð fyrir ársfund Birtu og taki gildi frá og með ársfundi 2023.





8. STJÓRNARKJÖR, SKV. GREIN 5.1

Stjórn Birtu Lífeyrissjóðs 2023

Valdir af fulltrúum launafólks



Hrönn Jónsdóttir
Kjörin til 2024



Örvar Þór Kristjánsson
Kjörinn til 2024



J. Snæfríður Einarsdóttir
Kjörin til 2025



Jakob Tryggvason
Kjörinn til 2025

Valdir af fulltrúum atvinnulífsins



Pálmar Óli Magnússon
Kjörinn til 2024



Þóra Eggertsdóttir
Kjörin til 2024



Sigurður R. Ragnarsson
Kjörinn til 2025



Álfheiður Ágústsdóttir
Kjörin til 2025

Varamenn - fulltrúar launamanna

- Garðar Garðarsson, kjörinn til 2025
- Bára Laxdal Halldórsdóttir, kjörin til 2024

Varamenn - fulltrúar atvinnurekenda

- Guðbjörg Guðmundsdóttir, kjörin til 2025
- Bolli Árnason, kjörin til 2024





9. KJÖR ENDURSKOÐANDA

Endurskoðandi Birtu lífeyrissjóðs

- Á grundvelli niðurstöðu endurskoðunarnefndar leggur stjórn til að Kristinn F. Kristinsson, löggiltur endurskoðandi hjá PwC verði endurkjörinn endurskoðandi Birtu



- Endurskoðandi starfar skv. tilboði sem hefur verið yfirfarið af endurskoðunarnefnd Birtu





10. Breytingar á samþykktum sjóðsins

Breyting réttindaöflunar í Birtu lífeyrissjóð frá 01.01.2023

Breyting samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins frá nóvember
2022
samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr. laga um lífeyrisjóði, l. 129/1997



Breyting samþykktá Birtu lífeyrissjóðs í desember 2022

- Almennt er samþykktum Birtu aðeins breytt á ársfundum
 - Breytingartillögur skal almennt leggja fram tveimur vikum fyrir ársfund
 - Þurfa samþykki 2/3 atkvæða á ársfundi og staðfestingu fjármálaráðuneytis
- Undanþáguákvæði er í samþykktum Birtu í grein 26.3:
 - „Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í gr. 26.4 ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Ef stjórn sjóðsins nýtir heimild samkvæmt ofangreindu skal hún gera grein fyrir henni á næsta ársfundi“
- Stjórn Birtu gerði breytingar á ákvæðum samþykktá um réttindaöflun, sem fengu staðfestingu fjármálaráðuneytis seinni hluta desember, og gildistaka var 1.1.2023

Breyting samþykktá Birtu lífeyrissjóðs í desember 2022

- Hvaða ófrávíkjanlegu ákvæði laga voru það sem knúðu til þeirra breytingar sem gerð var ?



Aðdragandi

- Við lok árs 2021 gaf fjármálaráðuneyti út breytingu á þeim dánar- og eftirlifendatöflum sem lífeyrissjóðir skulu styðjast við þegar skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda eru metnar
- Breytingin var gerð að tillögu FÍT, og fól í sér að eftirleiðis yrði gert ráð fyrir að aldursbundin dánartíðni myndi lækka eftir því sem tímar líða fram.
 - Lækkunin er talin verða mismunandi eftir fæðingarárum
 - Lækkunin er einnig talin verða mismunandi eftir því hvort um er að ræða karla eða konur
- Afleiðingin varð óhjákvæmilega hækkun á mati skuldbindinga vegna eftirlaunaréttinda



Aðdragandi

- Hver voru áhrifin á mat á stöðu Birtu lífeyrissjóðs ?

- | Staða lok
2021, nýjar
forsendur | Áunnið | Framtíð | Heild |
|---------------------------------------|--------|---------|-------|
| Samtals eignir | 533,5 | 248,8 | 782,3 |
| Samtals skuldbindingar | 529,2 | 273,2 | 802,4 |
| Eignir umfr skuldb. | 4,3 | -24,4 | -20,1 |
| Hlutfall | 0,8% | -8,9% | -2,5% |

- Heildar staða sjóðsins var vel innan leyfðra marka
 - (+/- 10%, eitt sinn, eða +/- 5% fimm ár samfellt, 39.gr. I. 129/1997)

Aðdragandi

- Engu að síður taldi stjórn sjóðsins sér skylt að grípa til aðgerða og Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands kynnti sjóðnum sömu afstöðu, það er að skylt væri að grípa til aðgerða
- Ákvæði samþykktar :
 - 11.3 Á hverjum tíma skal við það miðað að iðgjöld standi á hverju aldurskeiði undir þeim réttindum sem veitt eru með réttindatöflum sjóðsins ef miðað er við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsenda, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur sem lagðar skulu fyrir ársfund til samþykktar. Í tillögunni skal kveðið á um gildistöku dag taflanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistöku dag hinna nýju taflna.
- Ákvæði 1.mgr. 27. gr. I um lífeyrissjóði:
- „Samþykktir lífeyrissjóðs skulu við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar“

Aðdragandi

- Ljóst er að um 9% halli á réttindaöflun lífeyrissjóðs mun leiða til þess að sjóðurinn geti ekki staðið við þær skuldbindingar sem réttindaöflunin stofnar til
- Samþykktir Birtu eins og þær voru árið 2022 uppfylltu því ekki megin ákvæði l. 129/1997
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands skrifaði sjóðnum bréf þar sem því var beint til sjóðsins að bregðast strax við og aðlaga réttindaöflun að nýjum forsendum
- Stjórn Birtu lagði í nóvember 2022 fram breytingu á réttindaákvæðum sem uppfylltu ákvæði greinar 11.3 í samþykktum sjóðsins og ákvæði greinar 27.1, og sem fóru auk þess að ábendingu Fjármálaeftirlits
- Eftir ákvæðum samþykktu hefði nægt að leggja breytingarnar fram fyrir ársfund 2023 en þar sem breytingin leiddi einnig af ófrávíkjanlegu lagákvæði framkvæmdi stjórnin breytinguna með heimild í 2.mgr. 29. gr. l. 129/1997 strax í nóvember


Útfærsla breytinga

- Samþykktir Birtu veittu skýra leiðsögn um hvernig samþykktum skyldi breytt:
- **“Á hverjum tíma skal við það miðað að iðgjöld standi á hverju aldurskeiði undir þeim réttindum sem veitt eru með réttindatöflum sjóðsins ef miðað er við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins” (Grein 11.3)**
- Nýju reikniforsendurnar sem notaðar eru við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins er mismunandi eftir fæðingarári. Því er einboðið að réttindakerfið verður einnig að miðast við fæðingarár svo að unnt verði að tryggja að iðgjöld standi undir réttindum á hverju aldurskeiði.
- Tillögur að breyttu réttindakerfi felast þess vegna í sérstakri réttindatöflu fyrir hvern fæðingarárgang, allt frá 1955 ára aldri og fram til fæðingarárgangs 2015.

Útfærsla breytinga

- Vissulega er enn enginn úr fæðingarárgangi 2015 að greiða til Birtu lífeyrissjóðs en framlagning taflanna tryggir að ekki þarf að breyta samþykkaákvæðum um réttindaöflun næstu árin, ef ekki verða breytingar á reikniforsendum.
- Með því að leggja strax fram réttindatöflur hvers árgangs er sjóðfélögum veittur aðgangur að sömu upplýsingum og sjóðurinn nýtir við mat skuldbindinga
- Að öðru leyti en því að hver fæðingarárgangur hefur sérstæka réttindatöflu er virkni kerfisins óbreytt frá því sem var, og vel hefur gengið að innleiða breytingarnar í tölvukerfi Reiknistofu lífeyrissjóðanna sem heldur utan um réttindi sjóðfélaga Birtu.
- Réttindatöflur allra árganganna eru áfram miðaðar við að taka lífeyris hefjist við 67 ára aldur

Útfærsla breytinga – réttindatöflur árganga



Útfærsla breytinga

- Réttindaöflun fyrir hverja krónu greidds iðgjalds lækkar vissulega nokkuð í nýju kerfi frá því sem veitt var með fyrri réttindatöflum
- Fyrir aldursbilið 25–64 ára sem notað er sem mælikvarði réttindaöflunar lækkar réttindaöflun fyrir jafna greiðslu iðgjalda yfir tímabilið um 14–15% fyrir árgangana 1998 –2012
- Engu að síður myndi réttindaöflun verða 10–11% hærrí fyrir sömu árganga með 15,5% iðgjalda en var samkvæmt fyrra réttindakerfi miðað við 12% iðgjald
- Áfram verður val um hvenær lífeyristaka hefst, á bilinu 60–80 ára þannig að sjóðfélagar munu sjálfir hafa veruleg áhrif á það hvernig breytingarnar koma fram.



11. ÖNNUR MÁL

TAKK!

